


Lífriki sjávar



KEILA

eftir
Vilhelínu Vilhelmsdóttur

KEILA

Flokkur

Beinfiskar *Osteichthyes*

Ættbálkur

Þorskfiskar *Anacanthini* (*Gadi-formes*)

Ætt

Þorskaaætt *GADIDAE*

Tegund

Keila *Brosme brosme* (Ascanius, 1772)

Erlend nöfn

Færeyska: brosma; danska: almindelig brosme; norska: brosme, lubb; sænska: lubbe; þýska: Lumb, Brosme; franska: brosme; enska: tusk, torsk, cusk; spænska: Brosmio; portúgalska: bolota; rússneska: menyok, menek; hollenska: lom.

Lýsing

Keilan er langvaxin og bolurinn sívalur. Hún er frekar haus- og kjaftsmá með skeggþráð á höku. Hún er með einn langan bak-



1. mynd Keila (*Brosme brosme*).

ugga og einn raufarugga sem tengjast að hluta sporðugganum, sem er frekar smár og bogadreginn fyrir endann. Roðið er þykkt og hreistrið smátt. Rákin liggur í boga við enda bols niður á miðja stírtluna og er greinileg nema aftast á stírtlunni. Sjá 1. mynd.

Liturinn er nokkuð breytilegur, oft frekar dökkbrúnn eða móleitur á bakinu, en mógulur á hliðum og ljós að neðan. Einkenniandi fyrir keiluna er dökk rák með ljósri ytri rönd eftir endilöngum bak- og raufaruggum svo og á sporðblöðku.

Keilan getur orðið 110 cm löng og er þá um 12 kg að þyngd, en hún er oftast 40–75 cm í afla og vegur þá um 0,5–3 kg.

Heimkynni

Heimkynni keilunnar eru í Norður-Atlantshafi, frá Svalbarða og Barentshafi, meðfram Noregsströndum, inn í Skagerrak og dönsku sundin og í norðanverðum Norðursjó. Hún er mjög algeng norðvestur af Bretlandseyjum, við Færeyjar og Ísland og finnst einnig við Austur- og Suður-Grænland. Í Norðvestur-Atlantshafi er keila einkum frá Belle-Isle sundi um Stórabanka suður fyrir New York (sjá 2. mynd).


Við Ísland finnst keila allt í kringum landið en mest er um hana undan Suðvestur-, Suður- og Suðausturlandi.

Lítið er vitað um skiptingu keilu í stofna. Þó virðast vera aðskildir stofnar við Noreg annars vegar og við Ísland hinsvegar. Mörk stofna við Bretlandseyjar og Færeyjar er óljósari.

Lífshættir og æxlun

Keilan er botnfiskur, sem heldur sig mest á grófum botni, grýttum eða þar sem fyrir er gróf mól, hraun eða kórall. Hún lifir dreift og myndar ógjarnan þéttar torfur. Hún heldur sig á mismunandi dýpi eða á bilinu 20–1000 m. Mest er þó um hana á um 200–500 m dýpi.


2. mynd Útbreiðsla keilu í N-Atlantshafi.



Keilan er frekar hægvaxta fiskur sem getur orðið yfir 20 ára gamall. Hún verður kynþroska um 8–10 ára gömul. Hún er þá um 45–55 cm að lengd og vegur um 1–2 kg. Svo virðist sem keila við Ísland vaxi heldur hraðar en t.d. keila í Barentshafi og við Norður-Noreg. Uppistaðan í íslenska keiluafnanum er 6–12 ára fiskur.

Lítið er vitað um göngur keilunnar en hún virðist vera frekar staðbundin. Hér við land er þó ljóst að hún gengur frá uppeldissvæðum norðan- og austanlands suður fyrir land til að hrygna. Aðrar helstu ferðir hennar virðast vera úr djúpi á grynna svæði og öfugt og kunna þær að tengjast kynþroska og ætisöflun.

Hér við land fer hrygning einkum fram í landgrunnsbrúnum undan suður- og suðvestur-



4. mynd Vöxtur keilu.

ströndinni, á 200–400 m dýpi, í apríl til júlí, í 6–9 °C hlýjum sjó. Nokkur hrygning á sér einnig stað mun grynna og nálægt landi suðvestanlands. Eggjin eru smá, 1,2–1,5 mm í þvermál og fjöldinn mikill, um 2 milljónir í meðalstórri hrygnu. Eggjin og seiðin eru sviflæg og finnast í efstu 50 metrunum. Lirfurnar eru um 4 mm við klak, en hafa að mestu fengið útlit foreldranna þegar 20 mm lengd er náð. Þar sem hrygning fer að miklu leyti fram í landgrunnsöllunum langt frá landi, berast eggjin og seiðin oft langt á haf út og blandast þar seiðum annarra fiska, t.d. karfa. Seiðin fara að hverfa úr svifinu í efstu 50 metrunum að áliðnu sumri eftir að þau hafa náð 6 cm stærð.

Lítið er vitað um uppeldissvæði keilu. Rannsóknir hafa þó sýnt að hér við land eru uppeldissvæði einkum tiltölulega grunnt út af Norður- og Austurlandi.

Fæða

Fæða keilunnar er margbreytileg en uppistaðan er krabbadýr, svo sem rækjur, trjónukrabbar og humar, lindýr (skeljar) og burstaormar, ýmsar fisktegundir, svo

sem spærlingur, smákarfi og flatfiskur og jafnvel skrápdyr.


Óvinir

Óvinir keilunnar eru einkum ýmsir fiskar sem leggja sér hana til munns. Í þessum flokki má telja blálöngu, löngu, lúðu, hákarl o.fl. háffiska. Ýmis sníkjudýr leggja einnig á keiluna, eins og t.d. hringormar. Hin síðari ár má einnig telja manninn einn helsta óvin keilunnar.


Nytjar

Keila veiðist að langmestu leyti á línu, oftast yfir 95% aflans. Lítið eitt veiðist í net og botnvörpu. Við Ísland var keila nær eingöngu veidd samhliða veiðum á öðrum tegundum og var aflinn því breytilegur frá ári til árs og fór einkum eftir notkun línu við þorskveiðar. Árið 1990 hófu Íslendingar að veiða keilu markvisst og jókst þá afli þeirra verulega. Allra síðustu árin hefur aflinn dregist nokkuð saman. Auk Íslendinga voru það einkum Norðmenn og Færeyingar sem stunduðu keiluveiðar við Ísland.


Í Norðaustur-Atlantshafi hefur keiluafl minnkað mikið á síðasta áratug. Á árunum 1989–91 var




3. mynd Egg og seiði keilu.



5. mynd Aldursdreifing keilu í afla við Ísland.



6. mynd Lengd og þyngd keilu.



7. mynd. Keiluaflí við Ísland.

aflinn um 40 þús. tonn, en var kominn niður í rúm 20 þús. tonn árið 1997.

Keiluaflí á Íslandsmiðum hefur verið á bilinu 5000–8000 tonn á ári um alllangt bil. Lengst af var meirihluti aflans veiddur af útlendingum, einkum Færeyingum, en eftir 1990 hefur aflahlutdeild útlendinga minnkað mjög og heildaraflí dregist nokkuð saman.

Keilan er aðallega flött og söltuð, en einnig er hún nokkuð flökuð og flökin söltuð. Mjög lítið fer í frystingu. Hún er mest seld til Miðjarðarhafslanda og Suður-Ameríku, en einnig lítillsháttar til Skandinavíu. Hún þykir góð í „lutefisk“, sem er vinsæll fiskréttur í Svíþjóð og Noregi.

Heimildir og ítarefni

Bjarni Sæmundsson. 1926. *Íslensk dýr I. Fiskarnir*. Reykjavík, Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, bls. 376–379.

Gunnar Jónsson. 1992. *Íslenskir fiskar*. Reykjavík, Fjölvaútgáfan, bls. 192–194.

Jutta V. Magnússon, O.A. Bergstad, N.R. Hareide, J. Magnússon, J. Reinert. 1997. *Ling, Blue Ling and Tusk of the Northeast Atlantic*. Nordic Council of Ministers, Tema Nord, Fisheries: 535. 61 bls.

Karl Gunnarsson, G. Jónsson, Ó.K. Pálsson. 1998. *Sjávarnytjar við Ísland*. Reykjavík, Mál og menning.